

Nd.

375. Tillaga

til þingsályktunar.

Frá Jóni Þorkelssyni.

Nedri deild alþingis skorar á landsstjórnina að hlutast til um það, að eintak það af Guðbrandsbiblíu, er Mrs. H. W. Bannon, þá búandi í Queens Gate 169, London C. W., var í óheimild biskups selt árið 1903 frá Hálskirkju í Fnjóskadal fyrir £ 18 (324 kr.), verði sem fyrst náð aftur og síðan afhent bókasafni landsins til æfinlegrar geymslu.